

**Ársfundur Lífeyrissjóðs FÍA, haldinn að Hlíðarsmára 8, 201 Kópavogi,
þann 25. maí 2011, kl. 14:00**

FUNDARGERÐ

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, formaður stjórnar gerði það að tillögu sinni að fundarstjóri yrði Hafsteinn Pálsson og fundarritari yrði Steinar Örn Jónsson, fulltrúi lögfræðiráðgjafar Landsbankans. Ekki voru gerðar neinar athugasemdir við þessar tilnefningar.

Hafsteinn Pálsson tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið, hann kynnti dagskrá fundarins og tilkynnti að fyrst yrðu teknir fyrir fyrstu þrjú dagskrárliðir og að þeim loknum yrði opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2010
3. Fjárfestingarstefna 2011
4. Tryggingafræðileg úttekt 2011
5. Tilkynning um val á endurskoðanda
6. Tilkynning um skipun stjórnar
7. Tilkynning um laun stjórnar
8. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Þ. Hauki Reynissyni, formanni stjórnar orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Fjallaði Haukur almennt um rekstur sjóðsins, m.a. um fjölda sjóðsfélaga og lífeyrisþega og heildarlífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu. Vék hann einnig stuttlega að samstarfi fjögurra lífeyrissjóða um skiptingu örorkuáhættu. Haukur greindi frá því að engir starfsmenn hefðu starfað við sjóðinn á árinu 2010 og að rekstur hans hefði verið í höndum Landsbankans. Haukur vék jafnframt að skipan umsjónarmanns með sjóðnum. En þann 17. mars 2009 var sjóðnum skipaður umsjónaraðili af Fjármálaráðuneytinu vegna rannsóknar Sérstaks saksóknara á meintum lögbrotum sjóðsins. Engin niðurstaða væri komin í þá rannsókn og enginn fyrrverandi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sjóðsins hefði réttarstöðu grunaðs

manns. Því næst vék Haukur að ávöxtun sjóðsins, en fram kom í máli hana að hrein eign sjóðsins hefði aukist um 8,6% á liðnu ári og hrein raunávöxtun á eignum sjóðsins væri jákvæð um 4,68% miðað við vísitölu neysluverðs. En eignir sjóðsins næmu 7,6% lægri fjárhæð en heildarskuldbindingar sjóðsins. Haukur greindi frá því að tryggingafræðileg staða sjóðsins hefði verið neikvæð um 13,6% í árslok 2009. Eftir skerðingu síðasta árs sem nam 10% hefði staða sjóðsins batnað um 0,1%.

Formaður stjórnar sagði eignir sjóðsins standa traustum fótum en helsta óvissan í eignasafni hans væri eign hans í Landsbanki Mezzanine I og II sjóðunum, en nánar yrði greint frá þessari óvissu síðar á fundinum. Haukur greindi frá því að stjórn sjóðsins hefði boðið út endurskoðun sjóðsins og yrði því breyting á fyrirkomulagi hennar á næsta ári. Jafnframt hefði Landsbankinn óskað eftir því að rekstrarsamningur sjóðsins og bankans yrði endurskoðaður. Nokkrir rekstraraðilar skiluðu inn tilboði í reksturinn og er nú unnið að yfirferð þeirra.

2. Ársreikningur 2010

Fundarstjóri gaf næst Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2010, Halldór gat þess að ársreikningnum hefði verið dreift á fundinum og væru því flestir fundarmenn með hann fyrir framan sig. Fram kom í máli Halldórs að ársreikningurinn hefði verið samþykktur og áritaður án fyrirvara. Hinsvegar hefði hann verið áritaður með ábendingu, sem hljóðar svo:

„Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu nr. 13. en hún fjallar um fjárfestingar sjóðsins í Mezzanine sjóðum. Eign þessi er færð í efnahagsreikning sjóðsins að fjárhæð 422 milljónir króna. Óvissa er um eignarhald á undirliggjandi eignum í sjóðnum og dómsmál hefur verið höfðað fyrir héraðsdómi vegna þess.“

Því næst vék Halldór að bls. 4 í reikningnum, hreinni eign. Fram kom í máli hans að iðgjöld hefðu aukist um 3,4% á milli ára og að hrein eign til greiðslu lífeyris hefði aukist um 8,6%. Halldór vék máli sínu jafnframt að liðnum rekstrargjöld en fram kom í máli hans að kostnaður vegna lögfræðiaðstoðar og kostnaður vegna umsjónaraðila hefði lækkað mjög mikið á árinu, enda sjóðnum skilað aftur til réttkjörinnar stjórnar. Rekstrarkostnaður sjóðsins væri mjög ásættanlegur miðað við lífeyrissjóði af svipaðri stærð.

Fjallaði Halldór jafnframt um Landsbanka Mezzanine Fund sjóðina í skýringu nr. 13. Dómsmál væri hafið og að hann teldi góðar líkur á hagstæðri niðurstöðu fyrir sjóðinn. Allt eða ekkert væri undir í málinu. Niðurstöðu héraðsdóms væri að vænta 20. júní næstkomandi. Halldór vék jafnframt að reikningsskilaaðferðum sjóðsins á bls. 7 og 8 í reikningnum og kvað hann þær vera óbreyttar frá fyrra ári.

Halldór greindi einnig frá kennitölum sjóðsins fyrir liðið ár. Kom m.a. fram í máli hans að nafnávöxtun hefði verið 4,68%, raunávöxtun hefði verið 7,51% og 10 ára meðaltal raunávöxtunar væri 0,79% og fjöldi lífeyrisþega hefði verið 143.

3. Fjárfestingarstefna 2011

Halldór kynnti næsta lið á dagskrá, fjárfestingarstefnu ársins 2011 og eignasamsetningu og ávöxtun ársins 2010. Halldór greindi frá því að stefnan hefði verið samþykkt af stjórn sjóðsins þann 17. Nóvember 2010. Fram kom í máli hans að fjárfestingarstefnan væri lítið breytt á milli ára, stærstu eignarflokkar hennar væri áfram innlán og ríkisskuldabréf og að markmið fjárfestingarstefnunnar til lengri tíma lítið, væri 4-6% raunávöxtun með lítilli áhættu. Því næst fór Halldór yfir helstu breytingar á fjárfestingarstefnunni, vægi ríkisskuldabréfa hefði aukist á kostnað eignaflokksins innlendra endurreisnarsjóða t.a.m. Jafnframt ætti sjóðurinn jafnframt mikið af bundnum verðtrygðum innlánum.

Halldór fór því næst yfir árið í hnotskurn og umhverfið sem sjóðurinn starfar í. Vék hann að vaxtalækkunum Seðlabankans á árinu, og sagðist Halldór búast við því að vaxtalækkunarferlinu væri nálega lokið og framundan lágvaxtaumhverfi til a.m.k. nokkurra ára. En hinsvegar væru blikur á lofti um verðbólguna, þrátt fyrir að hún hafi farið lækkað hratt á árinu.

Halldór vék að innlenda hlutabréfamarkaðinum og hve fá tækifæri væru á honum, gat þess að þrjú þeirra félaga sem mynda OMXI6 vísitöluna, væru færeysk. Gat hann jafnframt þess að gert væri ráð fyrir því að nokkur félög myndu skrá sig á markað á næstunni, t.a.m. Hagar hf. og Sjóvá hf. og hugsanlega einhver fasteignafélag. Þá vék Halldór að erlendum mörkuðum, heimsvísitala hlutabréfa hefði hækkað um 9,29% í USD á árinu og þeim áhrifum sem skuldavandi fáeinna Evrópuþjóða hefði á markaði. Þá benti Halldór, fundarmönnum sérstaklega á heimasíðuna www.roseinvest.is og kvað hana fróðlega og gagnlega vildu menn fræðast um erlenda markaði.

Að endingu sagði Halldór að árið hefði farið ágætlega af stað miðað við aðstæður, raunávöxtun hefði verið 1,9% og að ekki væru fyrirséðar neinar niðurfærslur og að eina óvissan í safni sjóðsins væri eignin í Landsbanki Mezzanine Fund I og II.

Fundarstjóri spurði því næst fundarmenn hvort einhver þeirra hefði spurningu varðandi fyrstu þrjú dagskrárliði fundarins. Jóhann Sigfússon, bað um orðið og spurði hver hefði verið slóðin á Rose Invest. Fundarstjóri kvað hana hafa verið www.roseinvest.is.

Oddgeir Arnarson kvað sér næstur hljóðs og spurði hann Halldór hvort hann hefði einhverja hugmynd um ávöxtun annarra sjóða síðustu 10 árin. Halldór svaraði því til að hann gæti athugað heimasíðu Landssambands lífeyrissjóða, þar væri að finna skýrslu. En talan væri sennilega ekki fjarri lagi ávöxtun EFÍA.

Ámundi Ólafsson, kvað sér hljóðs og spurði hver væri gjaldtaka bankans fyrir að reka lífeyrissjóðinn. Hann spurði einnig: „Landsbankinn er að kaupa og selja skuldabréf í nafni sjóðsins, hver er gjaldtaka hans við hverja færslu hvers skuldabréfs?“

Halldór er til svara. Hann kveður rekstrarsamning sjóðsins við Landsbankann, vera mjög hagstæðan fyrir EFÍA, en sjóðurinn hafi ekkert greitt til bankans á árunum 2009 og 2010. Varðandi seinna atriðið, segir Halldór að bankinn leitist við að fá alltaf bestu mögulegu kjör, í tilfelli skuldabréfa væri Landsbankinn að greiða 0,05% og 0,3% fyrir hlutabréf, það séu með

betri kjörum á markaðinum. Jafnframt væru viðskiptin ekki bundin við Landsbankann, sjóðurinn skipti t.a.m. við MP banka og Virðingu einnig.

Ámundi Ólafsson, kvað sér hljóðs aftur. Spurði hann hvort hann gæti fengið að sjá rekstrarsamning sjóðsins og Landsbankans, ef hann fengi ekki að sjá hann vildi hann fá skrifleg svör við spurningum sínum, þá sérstaklega hver ávöxtun síðustu 10 ára hafi verið.

Fundarstjóri svarar því til að ávöxtunin hafi verið 0,8%.

Haukur Reynisson, formaður stjórnar, tók til máls. Hann kvað umræddan samning hafa verið gerðan árið 2003, og staðan væri sú í dag að verið væri að leita að nýjum samningi um rekstur sjóðsins. Þessir samningar sneru fyrst og fremst að lagalegum skyldum rekstraraðila gagnvart sjóðnum, ekki beint því sem Ámundi væri að spyrja um.

Oddgeir Arnarson kallaði þá að stjórnin hlyti að vita hvað þessi samningur hefði kostað.

Formaður stjórnar tók aftur til máls. Sagði hann að þegar rekstur sjóðsins hefði verið boðinn út, hefði KPMG verið fengið til að skoða tilboðin og allan kostnað vegna þeirra. Í rekstri á borð við lífeyrissjóð væri alltaf einhver óvissa varðandi kostnað. Að öðru leyti gæti hann ekki svarað spurningunni.

Ámundi Ólafsson, tók til máls og sagði að fyrst samningurinn lægi ekki fyrir, vildi hann fá skrifleg svör við spurningum sínum.

Formaður stjórnar beinir því til Ámunda að senda inn skriflega beiðni um svör við spurningum sínum og verður þeim þá svarað.

Fundarstjóri innti því næst fundarmenn eftir því hvort einhverjir fleiri vildu taka til máls, ef ekki yrði næst farið í næsta dagskrárlið.

4. Tryggingafræðileg úttekt árið 2011

Fundarstjóri gaf næst Benedikt Jóhannessyni tryggingastærðfræðingi, orðið. Gerði Benedikt grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2010. Gat Benedikt þess að tjónið af Grímsvatnagosinu kæmi víða fram, en Vigfús Ásgeirsson tryggingafræðingur sjóðsins, væri fastur á Ísafirði vegna gossins.

Benedikt gerði grein fyrir forsendum og aðferðum við gerð úttektarinnar. Það væri erfitt að spá fyrir um framtíðina og við yrðum að gefa okkur nokkrar forsendur. Sjóðsfélagar hefðu fengið ákveðið loforð og sjóðurinn yrði að eiga ákveðna eign til að geta borgað út. Benedikt gerði því næst lauslega grein fyrir muninum á áföllnum- og heildarskuldbindingum. Heildarstaða sjóðsins væri neikvæð um 2.403 milljónir króna. Það væri betri niðurstaða en í árslok 2009 en síðan hefðu 10% áfallinna skuldbindinga verið skertar. Heildarstaða sjóðsins væri því innan lögbundinna vikmarka. Skýrsluhöfundur úttektarinnar, legði til 5% skerðingu innan tveggja ára. Benedikt vék máli sínu jafnframt að sérstökum lið í úttektinni, sem sé kominn til vegna aukinn lífslíkna sjóðsfélaga. Sagði Benedikt að á hverju einasta ári kæmi í ljós að menn lifðu lengur. Það væri eðlileg þróun í hinum vestræna heimi að meðallífslíkur

aukist sífellt. Að endingu greindi Benedikt frá því að honum hefði alltaf þótt gott við þennan sjóð að hann greiddi út barnalífeyri. Ekki væru allir sjóðir sem gerðu það.

Benedikt býðst til að svara spurningum varðandi tryggingafræðilega úttekt.

Fundarstjóri innir fundarmenn eftir því hvort þeir hafi einhverjar spurningar fram að færa.

Oddgeir Arnarson kvað sér hljóðs og spurði hvort skerðing núna, þýddi ekki frekari skerðingu í náinni framtíð.

Benedikt svaraði því til, að haldist stöðugleiki í rekstri sjóðsins, megi líta á það að 5% skerðing sé í raun og veru það lægsta sem sjóðurinn komist upp með.

Formaður stjórnar kvað sér hljóðs. Greindi hann frá því að fara yrði í breytingar á samþykktum sjóðsins ef ætlunin væri að skerða réttindi sjóðsfélaga frekar. Stjórn sjóðsins hefði ákveðið að fresta þeirra ákvörðun.

Ámundi Ólafsson spurði í framhaldinu Hauk, hvort ekki væri betra að sjóðsfélagar vissu hve mikið stjórnin vildi skerða.

Benedikt kvað sér hljóðs, og sagði þessa ákvörðun vera í höndum sjóðsfélaga. Enginn annar tæki ákvörðun um skerðingu. Það væru ekkert á bak við réttindin annað en eignir sjóðsins.

Ámundi kallaði þá að skerðingin hefði ekki verið samþykkt af sjóðsfélögum, bara stjórn og tryggingastærðfræðingi.

Formaður stjórnar svaraði því til að stjórnin kæmi ekki til með að leggja til skerðingartillögu fyrir árið 2011. Hún hefði einfaldlega ekki heimild til þess. Löggin væru skýr hvað þetta varðar. En hinsvegar væri að hans mati óneitanlega æskilegt að reka sjóðinn nálægt núlli. Vilji stjórnarinnar standi til þess að taka þessa ákvörðun í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Næstur kvað sér hljóðs, Rúnar Guðbjartsson. Hann segist vilja vera bjartsýnn og gera ráð fyrir því að vikmörkin í lögnum verði framlengd eitthvað.

Formaður stjórnar svaraði því til að sjóðurinn yrði að starfa samkvæmt lögum. Markmið hans væri að ná sem bestri ávöxtun, svo ekki þurfi að koma til skerðingar.

Fundarstjóri, kveðst vilja taka til máls sem sjóðsfélagi og afhendir því formanni stjórnar fundarstjórn. Vill koma því á framfæri að ríkisvaldið hyggist endurskoða réttindi opinberra starfsmanna fyrir árið 2014. Allar skuldbindingar séu verðtryggðar.

Dagfinnur Stefánsson, kvað sér næstur hljóðs. Spurði hann hvort allar þessar skerðingar væru ekki tilkomnar vegna vitlausra fjárfestinga sjóðsins. Hvort ekki mætti leita leiða til að tryggja eignir sjóðsins með því að kaupa t.d. ríkisskuldabréf.

Halldór er til svara. Hann dregur upp ákveðna sviðsmynd, mynd þar sem ekki hefði þurft að koma til skerðing, ef sjóðurinn hefði einungis átt verðtryggð ríkisskuldabréf. Fjárfestingarumhverfið hafi hinsvegar einfaldlega ekki boðið uppá þá leið í gegnum tíðina.

5. Tilkynning um val á endurskoðanda

Fundarstjóri kynnti 5. dagskrárlið, val á endurskoðanda. Fyrir liggur að hagstæðasta tilboðið barst frá PricewaterhouseCoopers (PwC). Fundarmenn gerðu ekki athugasemdir við valið.

6. Tilkynning um skipun stjórnar

Fundarstjóri kynnti skipan stjórnar. Stjórnin er skipuð fulltrúum frá FÍA og atvinnurekendum.

Stjórnina skipa:

Fulltrúar FÍA

Kristján Egilsson

Haukur Reynisson

Sturla Ómarsson

Linda Gunnarsdóttir, varamaður

Victor Victorsson, varamaður

Úlfar Henningsson, varamaður

Fulltrúar atvinnurekanda

Hlynur Elísson

Bogi Nils Bogason

Sigþór Einarsson, varamaður

Davíð Þorláksson, varamaður

7. Tilkynning um laun stjórnar

Formaður stjórnar gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skulu laun verða óbreytt frá fyrra ári.

Stjórnarformaður: 179.350 kr. á mánuði

Fulltrúar FÍA: 135.150 kr. á mánuði

Fulltrúar atvinnurekenda: 48.450 kr. mánuði

Varamenn 16.150 kr. fyrir setinn fund

8. Önnur mál

Fundarstjóri lýsti mælendaskrá opna undir dagskrárliðnum önnur mál.

Dagfinnur Stefánsson kvað sér hljóðs, og beindi þeirri tillögu til stjórnar að hún beitti sér fyrir því að sjóðsfélagar kjósi stjórn sjóðsins beint.

Ámundi Ólafsson tók næstur til máls og spurði hvernig stæði á því að kostnaður við rekstur sjóðsins hækkaði og nefndi hann sérstaklega hækkun á stjórnarlaunum.

Halldór Kristinsson svaraði því til að ekki væri um raunhækkun á launum að ræða, stjórnin hefði ekki þegið laun þann tíma sem hún var sett af árið 2009. Hann sagði kostnað við endurskoðun hefði verið hár árið 2010, en myndi lækka árið 2011.

Formaður stjórnar, bað um orðið og sagði hann í tengslum við spurningu Ámunda, að stjórn sjóðsins gætti aðhalds í rekstri en að á sama tíma væri allur kostnaður í tengslum við rekstur sjóðsins að hækka, eftirlitskostnaður og endurskoðunarkostnaður sérstaklega. Stjórnin væri alltaf að leita leiða til að lækka kostnað. Hann sagði að hvað varðaði launin þá vildi hann benda á það að í stjórnarsetu fælist talsverður tími. Haukur sagði jafnframt að hvað varðaði stjórnarkjör, þá hefði það verið lengi rétt innan sjóðsins hvernig hún væri skipuð. Það hefði margsinnis verið bent á það að það væri lýðræðislegt að kjósa á fundum sem þessum. Kvaðst Haukur alls ekki vera sammála því, stærsti hluti félagsmanna sækta ekki þessa fundi enda væru félagsmenn flestir staddir erlendis við vinnu sína. Mun lýðræðislegra fyrirkomulag væri allsherjaratkvæðagreiðsla félagsmanna, e.t.v. með rafrænum hætti.

Dagfinnur Stefánsson, hvatt þá fundarmenn til að láta í sér heyra, hvað þeim þætti um þetta sjónarmið Hauks.

Ámundi Ólafsson lagði þá til að skipuð yrði nefnd til þess að finna út hvort hægt væri að breyta fyrirkomulaginu, nauðsynlegt væri að finna einhverja málamiðlun.

Kristján Egilsson, tók næstur til máls og bað fundarmenn að líta aftur í tímann og skoða hvernig söguleg þróunin sjóðsins hefði verið og horfa á það í samhengi við stöðu sjóðsins í dag. Staða sjóðsins var erfið í upphafi, en stendur nú traustum fótum. Einnig benti hann á að samkvæmt beiðni ársfundar hefðu lífeyrisþegar fengið fulltrúa sinn í stjórn sjóðsins, en áður fyrr voru fulltrúar greiðandi sjóðfélaga eingöngu í stjórn sjóðsins.

Næstur kvað sér hljóðs Oddgeir Arnarson. Hann beindi máli sínu til stjórnarinnar og spurði í fyrsta lagi hvaða afstöðu hún hygðist taka til málaferla á hendur fyrrverandi stjórnendum sjóðsins. Í öðru lagi spurði hann hvort ekki væri ráð að FÍA tæki frumkvæði og ynni að því að fulltrúar atvinnuveitenda viku úr stjórn sjóðsins.

Formaður stjórnar svaraði því til, að halda ætti öllum kröfum opnum varðandi það tjón sem sjóðurinn hefur orðið fyrir í gegnum tíðina. Það væru hinsvegar hverfandi líkur á því að fá einhverja peninga til baka. Varðandi seinna atriðið, sagðist hann vel skilja þetta sjónarmið, en sagði að þeir væru hinsvegar með þekkingu og reynslu af rekstri og fjárfestingum og væri það hans skoðun í dag að fulltrúar atvinnurekenda ættu heima í stjórninni.

Mælendaskrá var þá tæmd og kaus enginn að taka til máls. Fundarstjóri sleit því fundi kl. 15:25.

Þannig farið fram.